

### 3. Frumvarp

til laga um happdrætti (lotteri) og hlutaveltur (tombólur).

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

#### 1. gr.

Happdrætti má ekki hafa nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra.

Peningahappdrætti eða önnur þvilik happspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar.

#### 2. gr.

Það er, að viðlögðum 500—5000 kr. sektum til rikissjóðs, bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvilik happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði fyrstu málsgr. 1. gr. frv. þessa eru að mestu í samræmi við þær reglur, er venju samkvæmt hefir verið fylgt til þessa, og eru selt til lögfestingar þeirra reglna og enn til þess að tryggja það, að eigi verði happdrætti haldin eða hlutavelta án leyfis, ekki einu sinni innan fjelaga. Síðari málsgreinin er ákvæði um það, sem talið hefir verið sjálfsagt þótt ekki sje í lögum, að til stofnunar þar nefndra happdrætta þurfi lagaheimild. Þykir og rjett að hafa lagaákvæði um þetta. Frumvarpið kemur þó fram sjerstaklega vegna þess, að það hefir komið fyrir að menn hjer hafa verslað með eða selt hluti fyrir erlend happdrætti og önnur þvilik happspil, og nýlega hefir verið spurst fyrir um það frá útlöndum, hvort slik verslun sje hjer ekki öllum frjáls. Mun hafa gengið til slikra kaupa störfje frá landsmönnum, og væri gott ef unt væri að girða fyrir það, að menn þannig kasti fje á glæ. Í þessu skyni er ákvæði 2. gr. sett. En ekki verður girt fyrir það, að menn í útlönd-

um selji hingað happdrættishluti, en á þann hátt yrði væntanlega ekki eins mikið verslað eins og ef settar yrðu hjer á stofn verslanir með erlenda happdrættishluti.